

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 208/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnlaugi Gunnlaugssyni

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotum til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. október 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 8. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7046/1964: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Gunnlaugssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 24. júní s.l., gegn Gunnlaugi Gunnlaugssyni verkamanni, töldum til heimilis Þarmahlíð 45 hér í borg, fæddum 1. nóvember 1941 á Ólafsfirði, „fyrir að stela, mánudaginn 25. maí 1964, í skrifstofu Georgs Kristjáns-

sonar, Hverfisgötu 46 í Reykjavík, tékkávísun að upphæð kr. 6.100.00, útgefinni af Skipholti h/f til handhafa á hlaupareikning nr. 8044 í Landsbanka Íslands.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum verður að telja sannað, að ákærði hafi, er hann kom í skrifstofu Georgs Kristjánssonar, Hverfisgötu 46, mánudaginn 25. maí s.l., tekið þar að ófrjálsu tékka að fjárhæð 6.100.00 kr., útg. til handhafa á hlaupareikning 8044 við Landsbanka Íslands af Guðm. Pálsyni fyrir Skipholt h/f, en framseldan af Georg Kristjánssyni pr. Georg & Co. h/f. Á tékkanum var áritun þess efnis, að ekki hefði verið til innstæða fyrir tékkanum 7. apríl 1964, en útgáfudagur tékkans er 15. marz. Ákærði kveðst hafa verið mjög ölvaður og lítt muna eftir því, hvað hann aðhafðist á Hverfisgötu 46. Ákærði fór einhvern tíma í sömu vikunni til framreiðslumanns í veitingahúsinu Glaumbæ, Þórarins Friðjónssonar, og fékk hann til að lána sér 1.000 kr. út á tékkann. Lofaði ákærði að leysa tékkann út næsta dag, en hefur ekki gert það.

Ákærði þykir með framanskráðu verki hafa unnið til refsingar skv. 244. gr. laga nr. 19/1940.

Ákæru á hendur ákærða fyrir tékkafölsun var á árinu 1960 frestað skilorðsbundið til 3 ára. Hann hefur tvisvar sætt sektum fyrir ölvun, einu sinni fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952 og einu sinni fyrir umferðarbrott. Hinn 31. okt. 1963 var hann dæmdur í 4.000 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrott. Loks er þess að geta, að 3. okt. 1961 var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og svik, skilorðsbundið til 3 ára, og er ljóst, að hann hefur nú rofið skilorð þess dóms, og verður honum því refsað fyrir brott þau, sem í þeim dómi greinir, auk þess sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir sú refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði.

Eftir kröfu Þórarins Friðjónssonar verður ákærði dæmdur til að greiða honum kr. 1.000.00.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, sæti fangelsi 7 mánuði.
Ákærði greiði Þórarni Friðjónssyni kr. 1.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 78/1964. **Ásgeir Eyjólfsson**
(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.)
 gegn
Erlendi Jónssyni Erlendssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
 og
Erlendur Jónsson Erlendsson
 gegn
Ásgeiri Eyjólfssyni
 og
Þórarni Gunnari Stefánssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1964 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, Erlends Jónssonar Erlendssonar, og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1964, áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1964 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda og stefnda Þórarni Stefáni Gunnarssyni verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 250.144.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 31. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þórarinn Gunnar Stefánsson hefur krafizt þess,